

## Leiðbeiningar til greinarhöfunda Sjúkraþjálfarans, fagtímarits FS

### Greinarhöfundar eru vinsamlega beðnir að hafa eftirfarandi í huga:

- Greinum skal skila á tölvutæku formi (á tölvupósti)  
Ekki skiptir máli hvaða ritvinnsluforrit er notað eða hvort það er unnið í Macintosh eða PC.
- Að skila inn passamynd. Venjuleg mynd úr fjölskyldualbúmi getur gengið. Svarthvít eða í lit skiptir ekki máli. Myndin þarf að vera 300dpi miðað við raunstærð. Ef teknar eru myndir á digital vél skal nota mestu upplausn (high quality)
- Að tilgreina nafn, starfsheiti og starfsstað. Þær upplýsingar eru hafðar undir passamyndinni.
- Að skila inn myndefni með greininni. T.d. úr bókum, bæklingum, eigin myndir og fleira. Velja texta undir myndefnið.
- Ef greininni er skipt niður með millifyrirsögnum er æskilegt að greinin byrji á inngangi og síðan komi millifyrirsögn. Byrja aldrei greinar á millifyrirsögn.
- Að standa við settan skilatíma á efni.
- Að halda sig innan þess ramma sem er gefinn á lengd greinarinnar.
- Að láta vinnufélaga eða óháðan aðila lesa yfir greinina áður en henni er skilað til að leiðrétta málfræði og gagnrýna greinina m.t.t. efnistaka og fleira.
- Að skrifa á íslensku, íslenska fagorð þar sem við á. (erlenda orðið fylgi í sviga á eftir ef þarf). Titill á grein á að vera á íslensku nema undantekningartilfellum.
- Að skila inn stuttum útdrætti á ensku með greininni (max 250 – 300 orð). Ritnefnd áskilur sér rétt til að prófarkalesa aðsent efni og leiðrétta málfar og stafsetningu. Efnisinnihald er á ábyrgð höfundar.
- Heimildir: Nafn höfundar, nafn greinar. Hvar birtist hún. Blaðsíðutal og ár.

**Grein á einni síðu með passamynd:** Orðafjöldi: upb. 500 orð  
Stafafjöldi: upb. 2500

**Grein á tveimur síðum með passamynd:** Orðafjöldi: upb. 1000 orð  
Stafafjöldi: upb. 5000

**Grein á tveimur síðum með passamynd og 2 myndum:** Orðafjöldi: 600-700orð

**Grein á þremur síðum með passamynd og 3-4 gröfum:** Orðafjöldi: 1300-1500 orð.